



## Fundargerð

### Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

25. fundur, mánudaginn 22. febrúar, kl. 8:15-11:30

í iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir (til kl. 11:00), Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu), Kjartan Ólafsson (formaður faghóps 3) og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Kristinn Einarsson og Sveinbjörn Björnsson (8:15-9:15 og 11:00-11:30)

#### Fundarfrásögn

- Fundargerðir.** Svanfríður og Þóra Ellen gerðu athugasemdir við orðalag síðustu fundargerðar frá 29. janúar og munu leiðréttingar sendast til starfsmanns.
- Nýr meðlimur í verkefnisstjórn.** Björg Eva Erlendsdóttir hefur tekið sæti Þorsteins Tómassonar sem fulltrúi landbúnaðarráðherra í verkefnisstjórn.
- Friðlýst svæði.** Fram fór umræða um stöðu friðlýstra svæða gagnvart rannsóknnum og virkjunarframkvæmdum. Friðrik Dagur lýsti þeirri skoðun að friðuð svæði nytu verndar gagnvart virkjunarframkvæmdum, og vísaði til samtala við lögfræðinga. Af þeim sökum taldi hann að taka ætti þá virkjunarkosti er áhrif hefðu á friðuð svæði út af lista rammaáætlunar og setja beint í verndarflokk. Unnur Brá taldi að verkefnisstjórn ætti að halda sínu striki og meta alla kosti sem liggja undir mati. Svanfríður greindi frá greinargerð um stöðu friðlýstra svæða sem Umhverfisstofnun er að taka saman að beiðni formanna faghópa.
- Skýrsla vegna umsagnarferlis.** Aðal efni fundarins voru fyrirliggjandi drög að skýrslu sem lögð verður fram í umsagnarferli og lýsir framgangi 2. áfanga rammaáætlunar og niðurstöðum faghópa. Drögin höfðu verið send verkefnisstjórn með tölvupósti. Helstu atriði umræðunnar voru:
  - Sveinbjörn Björnsson lýsti þeirri skoðun að búast mætti við að mesta athygli vektu frávik frá mati 1. áfanga. Þá verði flokkun verkefnisstjórnar borin saman við orkugetu virkjunarkosta.
  - Stefán varaði við því að gefa upp „hugsanlega orkugetu“ háhitasvæða heldur ætti að líta til flatarmáls þeirra. Tilhneiging væri til að taka ágiskun um orkugetu órannsakaðra svæða bókstaflega. Mat hans var að ef rannsóknir og vinnsla fengju leyfi til að fara inn á háhitasvæði yrði allt svæðið að vera undir. Guðni benti á móti á að útreikningur orkugetu byggði á flatarmálsmati og notast væri við reynslu af þekktum svæðum, auk þess sem beitt væri varúðarreglu. Hann taldi koma til greina að afmarka vinnslusvæði á hluta stórra háhitasvæða.
  - Anna og Þóra Ellen gerðu athugasemdir við að þrír nýir kostir hefðu bæst við lista yfir virkjunarkosti eftir að matsvinnu lauk og því ekki verið tekið tillit til í mati faghópa I

og II. Um var að ræða 2. áfanga Hágönguvirkjunar, 2. áfanga Kröflu II og vestursvæði Þeistareykja. Starfsmaður gat þess að tveir fyrri kostirnir komu fram á fyrri listum sem mögulegar viðbætur við 1. áfanga? en höfðu í lokaútgáfu listans fengið stöðu sérstaks kosts. Vestursvæði Þeistareykja bættist við í desember að beiðni Landsvirkjunar Power.

- d. Fram kom athugasemd um umfjöllun faghóps I í drögum að inngangi (bls. 2) að sagt væri að umfjöllunarefni hópsins væri „náttúruvernd og minjar“. Þóra taldi sviði hópsins best lýst með „Náttúru og menningarminjum“.
- e. Friðrik Dagur gerði athugasemd og lýsti áhyggjum sínum um að í lagafrumvarpi segði að sækja mætti um rannsóknarleyfi á vernduðum svæðum. Ítrekaði skoðun sína um að vernduð svæði ættu að hverfa af lista yfir virkjunarkosti. Sveinbjörn sagði að meining frumvarpsins væri að vísa til annarra laga, þ.á.m. laga um mat á umhverfisáhrifum, er meta skyldu slík leyfi. Friðrik taldi ríka ástæðu til að gerð yrði skil á breyttum viðhorfum til virkjunarframkvæmda frá þeim tíma er 1. áfangi lauk störfum.
- f. Svanfríður benti á að í inngangi þyrfti að gera eftirfarandi atriðum frekari skil: a) þeirri breytingu frá 1. áfanga að 2. áfangi fjallar bæði um verðmæti „svæða“ en ekki bara „virkjunarkosti“, b) áherslu 2. áfanga á „verndun“ svæða sem kallar á útskýringar og skilgreiningar, c) þeirri ákvörðun að niðurstöður 2. áfanga munu fá lögformlega stöðu, d) að gera skil samráðs- og kynningarfundum og e) að birta kostnaðaryfirlit 2. áfanga.

5. **Kynning faghópa.** Formenn faghópa I og II kynntu bráðabirgðaniðurstöður hópanna og formaður hóps III lokaniðurstöður hópa III og IV. Formenn hvers faghóps verða ritstjórar sinna kafla í skýrslunni. Skýrslan þarf að standa sjálfstæð og vera óháð niðurstöðuskýrslu úr 1. áfanga.

- a. *Faghópur I.* Kynnt bráðabirgðaröðun vegna mögulegrar villu í AHP-skjölum. Í umræðum var aftur rætt um þau sjónarmið að ef háhitasvæði yrðu „opnuð“ fyrir rannsóknnum/vinnslu hvort þau yrðu þar með öll undir eða hvort skilgreina mætti athafnasvæði á hluta af stórum svæðum. Stefán benti á að reglur skorti um frágang svæða þar sem rannsóknir reyndust árangurslausar. Þóra gat þess að hópurinn myndi birta matseinkunnir svæða/kosta (á vefsíðu) en verði kallað yrði eftir því að birta rökstuðning sérfræðinga er nauðsynlegt að leggja vinnu í að bæta framsetningu þeirra gagna. Þóra tók fram að mat hópsins byggðist á núverandi ástandi svæða, röskuð eða óröskuð. Fram kom að eitt viðmið mats væri fræðslugildi svæða (nálægt byggð) en sá þáttur vægi lítið í heildarmati. Almenn viðhorf hópsins hefði verið að óröskuð svæði væru verðmætari en röskuð svæði og fengju því almennt hærra mat. Betri kostur væri að framkvæma meira á þegar röskuðum svæðum en að leggja í vinnslu á óröskuðum svæðum.
- b. *Faghópur II.* Gerð var athugasemd við orðalag í drögum að „ferðaþjónusta sé ein af undirstöðum lífsgjara“. Einnig að ekki væri rétt að gera grein fyrir „bakþönkum“ („eftir á að hyggja“). Fram kom ábending um að gamlar leiðir og vegslóðar teljist til fornleifa og kalli oft á friðun.
- c. *Faghópur III.* Kjartan gerði stutta grein fyrir niðurstöðum og notaði til þess excel-töflu. Fram kom röðun faghópsins með og án samþættingar við röðun faghóps IV. Bent var á mikilvægi þess að vanda til útskýringa á töflum sem birtar verða í skýrslum

og vefsíðu.

Að kynningum loknum var formönnum faghópa, formanni verkefnisstjórnar og starfsmönnum gefið umboð til að ganga frá skýrslunni til útsendingar og fulltrúar í verkefnisstjórn komi frekari athugasemdum til þeirra.

6. **Kynningarmál.** Ákveðið hefur verið að umsagnarferli og kynning verði á verksviði verkefnisstjórnar. Formaður lagði fram eftirfarandi minnisblað um kynningarátætlun.
- a. Halda skal 6 - 8 opna kynningarfundir þar sem formenn faghópa munu kynna aðferðafræði og niðurstöður og svara fyrirspurnum.
  - b. Fyrsta fund skal halda í Reykjavík þann 9. mars í Skriðunni í húsnæði KHÍ. Þar er góð aðstaða til að senda fundinn út á netinu. Til greina kemur að kalla til fulltrúa stofnana og samtaka á höfuðborgarsvæðinu sem þátt taka í umsagnarferli, auk fjölmiðla . Einnig verður fundurinn auglýstur.
  - c. Dagana 29.-31. mars verður fundarferð með fundum á Mývatni, á Hólum og Nauteyri við Ísafjarðardjúp.
  - d. Fundnir verða dagar fyrir fundi á Egilsstöðum, Kirkjubæjarklaustri , Selfossi og á Reykjanesi.
  - e. Gera má ráð fyrir að stofnanir og samtök fari fram á sérstaka kynningarfundir. Til greina kemur að flokka slíka aðila saman og halda sameiginlega kynningarfundum með hverjum flokki.

Samþykkt var tillaga um að lögð verði fram fundarfrásögn frá kynningarfundum (fyrirspyrjendur, efni fyrirspurna, hverjir svara og svör).

7. **Næsti fundur** verður haldinn 6. mars kl. 9:00-13:00 á Orkustofnun.